

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

25. fundur 15. desember 2004

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 15. desember 2004 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Svandís Skúladóttir og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund og bauð Svandísi velkomna í veikindaförföllum Gylfa Gröndal. Fundarfólk minntist Sigurðar Geirdals bæjarstjóra, en safnið hafði fært Hjartaheill minningargjöf um hann og sent fjölskyldu hans samúðarkveðju vegna fráfalls hans. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2005.
2. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2005.

Bæjarstjórn hafði 14. des. lokið fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2005 og beðið um álit og athugasemdir stjórnar héraðsskjalasafnsins fyrir 16. desember. Síðari umræða bæjarstjórnar er áformuð 15. janúar 2005.

Stjórnin fór ásamt héraðsskjalaverði yfir sundurliðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir safnið og fleiri gögn úr bókhaldi bæjarins sem fram voru lögð í því sambandi. Að gefnu tilefni tekur stjórnin fram að hún treystir skjalaverði til þess að fara að settum reglum og gæta þess að ekki verði farið fram úr áætlun um laun starfsmanna. Það gerir stjórnin í trausti þess að aðrir sem málið varðar torveldi ekki að því verði fylgt eftir og áskilur sér rétt til þess að gera þær athugasemdir sem þurfa þykir áður en fjárhagsáætlunin verður afgreidd endanlega.

2. Önnur mál.

- a) Fundardaginn var opnuð sýning ljósmynda og vatnslitamynda sem safninu höfðu verið afhentar ásamt fleiri gögnum úr forum Ólafs Jónssonar loftsiglingafræðings sem búsettur var í Kópavogi. Þau hafði afhent mágkona hans, Fanney Gísladóttir, og það verið gert og sýningin undirbúin af Kristínu Þorgeirsdóttur og héraðsskjalaverði. Stjórnin skoðaði sýninguna áður en fundur hófst og lýsti ánægju með framtakið, en Fanneyju verða í þakkarskyni send blóm og heillaóskir á níræðisafmæli hennar 16. desember.
- b) Héraðsskjalavörður skýrði frá því að Agla Bjarnadóttir og Hanna María Vigfúsdóttir hefðu nýverið afhent safninu tvo innsiglaða kassa með gögnum frá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs. Þá má ekki opna fyrr en að 48 árum liðnum frá afhendingu. Í kössunum eru m.a. gögn Minningar- og líknarsjóðs Áslaugar Maack sem var fyrsti formaður Kvenfélags Kópavogs. Það var stofnað 29. október 1950. Áslaug lést rúmu ári síðar og minntist félagið hennar með stofnun sjóðsins. Starfsemi hans var lögð af 2001 og það sem þá var í sjóði gefið Sunnuhlíð. Safnstjórnin þakkar afhendingu gagnanna.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17.20.

Hilmar Björgvinsson, formaður
Svandís Skúladóttir, meðstjórnandi

Hjörtur Pálsson, ritari
Leó Ingason, héraðsskjalavörður